



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 29. mars 2019
MÍ201903-0126/ 6.09 / K.M.

Efni: Marteinstunga. Miðlunartankur hitaveitu. Skipulagslýsing.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 19. mars. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags miðlunartanks hitaveitu í landi Marteinstungu í Rangárþingi ytra.

Miðlunartankurinn er þegar til staðar. Í deiliskipulaginu verður afmörkuð 1.500 m² lóð fyrir tankinn. Innan lóðar verður gert ráð fyrir að byggja um 33 m² dæluhús til að hýsa dælu sem nú er í kjallara miðlunartanksins. Aðkoma að tankinum er nú um vegslóða af Landvegi nr. 26. Í deiliskipulaginu verður gert er ráð fyrir aðkomu af Landvegi um núverandi aðkomu að Beindalsholti. Af Beindalsholtsvegi verður malarborinn vegur um reiðleið samsíða Landvegi og inn á núverandi veg að miðlunartanki.

Árið 2014 kom úr skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla III. I. Bindi*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Marteinstungu. Miðlunartankurinn stendur á svokölluðum Vörðum (RA-401:009). Í skýrslu Fornleifastofnunar segir um Vörður:

"Vestan við Beindal er rót holtsins eru hólar, sem heita Vörður, og vestan við þá Vörðumýri," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað um tilurð örnefnisins. Gunnar Guttormsson, heimildamaður, kannast ekki við vörður né önnur mannvirki á þessum slóðum. Stór vatnstankur er nú í Vörðum. Vörður er mishæðótt heiðlendi. Þar eru náttúrulegir hólar og rimar með múrarflákum inná milli. Engin ummerki mannvirkja sjást á yfirborði.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Vörður hafa verið skráðar. Minjastofnun Íslands telur að ekki þurfi að grípa til frekari ráðstafana vegna Varða. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu deiliskipulags miðlunartanks hitaveitu í landi Marteinstungu í Rangárþingi ytra frá 6. mars s.l. Stofnunin minnir á að þegar tillaga að deiliskipulagi liggur fyrir þarf Minjastofnun að fá hana til umsagnar. Bent skal á að 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi (birgir@ry.is)